

Fréttatilkynning

Siðmennt sækir um að vera skráð sem trúfélag

Á félagsfundum sem haldin var 29. maí síðastliðinn var tillaga stjórnar Siðmenntar, um að sótt verði um að félagið verði skráð sem trúfélag, samþykkt samhljóða. Með þessu gerir Siðmennt tilraun til þess að jafna stöðu ólíkra lífsskoðunarfélaga hér á landi.

Siðmennt er félag um borgaralegar athafnir og er málsvari mannúðarstefnu og frjálsrar hugsunar. Leiðarljós okkar er skynsemi og vísindalegar aðferðir. (sjá nánar www.sidmennt.is)

Skráning sem trúfélag hefur m.a. í för með sér þau réttindi að þeir félagar í Siðmennt sem standa utan trúfélaga og borga árlega um 6000 krónur á ári í svokölluð sóknargjöld til Háskóla Íslands geta látið upphæðina renna til Siðmenntar í staðinn.

Eins og staðan er í dag greiða þeir sem standa utan trúfélaga um 50 milljónir á ári til Háskóla Íslands umfram það sem aðrir þurfa að greiða. Samkvæmt núgildandi lögum er aðeins hægt að láta svokölluð sóknargjöld renna til skráðra trúfélaga en hvergi er kveðið á rétt einstaklinga til að láta þessa upphæð renna til lífsskoðanafélaga.

Þó að Siðmennt sé mun frekar lífsskoðanafélag en trúfélag í hefðbundinni skilgreiningu þessara orða þá telur stjórn Siðmenntar á það reynandi að fá félagið skráð sem trúfélag. Enda hlýtur að felast mikið óréttlæti í núverandi fyrirkomulagi.

Í dag fjármagnar Siðmennt starfsemi sína algerlega með félagsgjöldum sem eru 2000 krónur á ári. Flestir þeirra sem skráðir eru í Siðmennt standa utan trúfélaga og eru því neyddir að greiða rúmar 6000 krónur á ári til HÍ með sóknargjöldum. Ef Siðmennt getur fengist skráð sem trúfélag væri hægt að leggja félagsgjöldin niður og fjármagna starfsemina þess í stað með sóknargjöldum.

Umsókn Siðmenntar var send Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu mánudaginn 3. júní 2002.

Meðfylgjandi er umsókn Siðmenntar um að félagið verði skráð sem trúfélag.

Fyrir hönd Siðmenntar:
Sigurður Hólm Gunnarsson
Varaformaður Siðmenntar
Sími: 898-7585
Netfang: siggi@sidmennt.is